



Reykjavík 22. mars 2016

Helga Gunnarsdóttir  
Framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs  
Akraneskaupstað  
Stíllholt 13-16  
300 Akranes

**Varðar: Styrkumsókn.**

Í Klúbbnum Geysi er boðið uppá endurhæfingu fyrir einstaklinga sem eiga eða hafa átt við geðraskanir að stríða. Meginmarkmið klúbbsins er að styðja klúbbfélaga til að verða virkir einstaklingar í þjóðfélaginu á ný eftir veikindi. Það er gert með virkri þátttöku þeirra í starfi Klúbbsins og aðstoð við að komast út á almennan vinnumarkað eða í nám, samhliða endurhæfingu í klúbbnum.

Klúbburinn Geysir hóf starfsemi sína haustið 1999 og varð fimmtán ára á síðasta ári. Í dag eru félagar 433 talsins og fer fjölgandi. Árið 2015 mættu að meðaltali 24 félagar á hverjum degi. Deildir klúbbsins eru tvær: Eldhús- og viðhaldsdeild og skrifstofu- atvinnu- og menntadeild. Að meðaltali nýta 96 félagar sér þjónustu Klúbbsins Geysis í hverjum mánuði.

***Klúbburinn Geysir er eina endurhæfingaúrræði sinnar tegundar á Íslandi fyrir geðsjúka. Flestir sem sækja hann eru af höfuðborgarsvæðinu og frá bæjarfélögum í nágrenni Reykjavíkur.***

**Í maí 2016 voru 8 skráðir félagar með lögheimili á Akranesi**

Frá upphafi starfseminnar hefur fjöldi klúbbfélaga hafið störf á almennum vinnumarkaði eða farið í nám. Á árinu 2015 voru 44% félaga í vinnu og/eða námi Klúbburinn hefur sett sér skýr markmið um að hækka þetta hlutfall jafnt og þétt. Árangurinn er að sjálfsögðu til góða fyrir félagana en ekki síður fyrir þjóðfélagið í heild.

Klúbburinn fer reglulega í gegnum ítarlegt sjálfsmat á starfinu og eru fengnir erlendir aðilar frá Clubhouse International til að taka starfið út. Klúbburinn fékk þriggja ára vottun á gæði starfseminnar árið 2013, sem gildir til 31. maí 2016.


AKRANESKAUPSTAÐUR		
03.11	Mítt af ahj	29. MARS 2016
JHF	Úrv.aðili	Afrit
	Tölvup.	Fax
Svarir.	Trún.mál	Fskj.
Málsnr. One 160340		


Klúbburinn Geysir byggir á hugmyndafræði Fountain House, sem eru alþjóðasamtök með starfsemi í 33 þjóðlöndum, í um og yfir 322 klúbbhúsum, með hátt í 100.000 félögum. Klúbburinn starfar samkvæmt Stöðlum Clubhouse International.

Þau úrræði sem Klúbburinn Geysir býður upp á eru hagkvæm og leiða til umtalsverðs sparnaðar í heilbrigðis- og tryggingakerfinu sem og hjá félagsþjónustum sveitarfélaga. Í klúbbnum fá félagar hvatningu, stuðning og mikilsverða vinnuþjálfun til að ná sér á strik eftir veikindi og endurheimta þá reisn sem fylgir því að geta séð fyrir sér sjálfur að miklu eða öllu leyti. Í mörgum tilvikum geta klúbbfélagar hætt að þiggja aðstoð frá ríki og/eða sveitarfélögum. Einnig öðlast einstaklingurinn aukin lífsgæði sem ekki er hægt að meta til fjár.

Til að styðja við starfsemi Klúbbsins Geysis á árinu 2016, sækjum við hér með um styrk frá Akraneskaupstað að upphæð 100.000 kr.

Virðingarfyllst,

  
Þórunn Ósk Sölvadóttir  
Framkvæmdarstjóri Klúbbsins Geysis

  
Steinar Almarsson  
Félagi

Meðfylgjandi:

1. Litli-Hver – fréttabréf Klúbbsins Geysis
2. Klúbburinn Geysir – Með þér út í lífið – upplýsingabæklingur um Klúbbinn Geysi
3. Staðlar Clubhouse International.